

## Félagsfundur um framtíð Ólafíu

Mættir voru 8 félagar (3 plús stjórnin). Fundur settur klukkan 20:05 þann 30. janúar 2018.

Eina málið á dagskrá er félagsritið, Ólafía.

### Peningamálin

- Lengi hefur verið rætt um hvort að borga eigi ritstjóra laun. Svona til samanburðar þá fær ritstjóri Árbókar 2 mánuði í laun fyrir að ritstýra Árbókinni ár hvert. Umbrotsaðili fær svo einnig einhver laun fyrir vinnu sína. Árbókin er styrkt af Fornminjasjóði og er með samstarfssamning við Þjóðminjasafn.
- Svo tekið sé dæmi um hversu mikil vinna þetta er þá var Sólrún ritstjóri fyrir síðasta blað og var ca. 2 mánuði í vinnu og Guðrún (ritstjóri) var líklega aðra tvo. Það tölublað var þó langt komið þegar þær tóku við.
- Spurning um hvort það sé mikið mál ef að Félagið verði launagreiðandi.
- Prentun kostar 500.000 – 700.000 krónur með prentuðum 100 eintökum. Því er spurningin hvort að það sé kannski kominn tími á að gefa Ólafíu út á netinu?
- Búið var að tala við Skúla, sem er formaður sjóðsstjórnar ritsins og hann sagði að Ólafía Einarsdóttir hafi ekki verið með nein skilyrði um útgáfuna sjálfa. Sjóðurinn er ætlaður fyrir því að koma ritinu út alveg sama hvernig það er gert.
- Best væri að efnið sé aðgengilegt á netinu þó að það sé frábært ef hægt sé að gefa út einhver prentuð eintök.
- Rætt var um hvort ætti að gefa út áfram á prenti eða rafrænt og þá jafnvel að það gætu verið settar inn greinar af og til og svo þegar væri búið að safna saman í rit þá væri hægt að prenta út.
- Önnur lausn væri að gefa Ólafíu út þriðja hvert ár í pappír en að hin árin væri það gefið út í rafrænu formi. Eða bara gefið út þriðja hvert ár. Þá ættum við uppsafnað um 600.000 kr sem hægt væri að nýta.
- Þjóðminjasafnið og Minjastofnun, myndu þau vilja taka þátt í útgáfu.
- Ljósprentun? Það sést ekki mikill munur og á venjulegu prenti. Gutenberg/Oddi hefur verið með slíka prentun.
- Hægt að senda þeim sem eru að skrifa greinar sniðmátið og þeir sjá um að setja það upp sjálfir.
- Ef að við lendum samt í því að prentunin er dýr þá er spurning hvað við gerum. Prentun er alltaf að verða dýrari.
- Hlutir eins og dagskráin og N4, Skessuhorn og fleira er líklega ljósprentað.
- Styrkir?
- Ekki er ljóst hversu miklir vextir eru á ári. Þetta verður komið á hreint fyrir aukaáðalfund.
- Spurning hvort að sala gæti koverað prentun og rentur laun fyrir ritstjóra
- Hugsanlega eru vextirnir hærri en við höldum, af því að 200.000 kr. eru of litlir vextir fyrir 20.000.000 kr.
- Hækka verð á Ólafíu, borga ritstjóra laun, athuga með ljósprentun, gefa þetta líka út rafrænt

Ákveðið var á fundinum að það væri sjálfsagt mál að borga ritstjóra laun ef það væri peningur fyrir því. **Jakob** skoðar hvernig væri með launagreiðslur frá félaginu til ritstjóra

## **Þema Ólafíu**

Það sem gerir Ólafíu sérstaka er þetta þema sem hún er alltaf með. Verðum að passa að það haldist því að það er sérstaða hennar.

## **Hugmyndir um þemu**

- Raunvísindi – Bein, frjókorn, skordýr, viður
- Hin húsin – Hugmynd frá Bjarna, Bjarni er til í að vera í ritnefnd
- Katalógar – Hefur verið að ræða svipað um árbókina. Katalógar og sérprent. Við viljum ekki vera að gera sömu hluti. Jafnvel bara að leyfa árbókinni að gera þetta og Ólafía geri eitthvað annað.
- Framleiðsla – Lýsi, járn, tjara og ýmislegt. Forsögulegir framvinnslu. Hvernig var matur geymdur, hvernig voru seglín unnin. Sérfræðingar vinna þetta rit.
- Yngri minjar – Herminjar, iðnminjar, síldarvinnsla
- Ritualar
- Heimilislífið
- Kyngervi
- Fjarkönnun – loftmyndir, jarðsjármælingar,
- Notkun forrita og tækninýjungar – intrasis, gagnagrunnar
- Nýjar aðferðir og nýjar nálganir

## **Annað**

- Samningur við tímarit.is um að setja Ólafíu á netið? Var byrjað að vinna að þessu. Til drög að samstarfssamningi. Ekki víst að þetta sé komið í gegn en það eru þó komin 4 árgangar inn í safnið. Rafhlaðan kemur líka til greina sem rafrænt safn.
- Ólafía er ekki ritrýnt rímarit. Er mikið verk. Þetta er framtíðarmarkmið. Fyrst þarf að koma Ólafíu á rétt ról.
- Rætt var um hvort staðan hans Guðmundar verði laus hjá Þjóðminjasafni þegar hann fer á eftirlaun.

Fundi slitið klukkan 21:45